

Austurbrú ses

Ársreikningur 2015

Austurbrú ses
Miðvangi 2-4
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 315 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 19,1 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 58,5 millj. kr. og eigið fé í árslok var neikvætt sem nam 66,1 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 124,5 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir, sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu á árinu 2016, 91,2 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum.


Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn Austurbrúar ses. staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni og leggja til við aðalfunda að hann verði samþykktur.

Egilsstöðum, 3. maí 2016

Stjórn:



Handwritten signatures of the board members in blue ink. The signatures are: Gunnar Jónsson, Pólof Þórunn Magnúsdóttir, Ólafur Jónsson, and Sæunn Jónsson. To the right of these signatures is another signature: Eygvi N. Þinna Þórnisdóttir.

Framkvæmdastjóri:



Handwritten signature of the managing director in blue ink: Jóna H. Þórnisdóttir.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnenda Austurbrúar ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Austurbrú ses. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Austurbrúar ses. gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2015, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á fjárhagsstöðu stofnunarinnar í árslok 2015. Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar er eigið fé neikvætt um 66,1 millj. kr. í árslok 2015. Þá nema heildarskuldir samtals 124,5 millj. kr. Því er hætt á að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar komi ekki til ytri fjármögnun.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 3. maí 2016

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur:			
Framlög	4	144.406.823	196.707.767
Aðrar tekjur	4	170.550.694	149.173.517
		<u>314.957.517</u>	<u>345.881.284</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	5	188.798.398	213.139.111
Úthlutaðir styrkir		0	54.950.000
Annar rekstrarkostnaður		99.625.071	122.942.215
		<u>288.423.469</u>	<u>391.031.326</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda		26.534.048	(45.150.042)
Afskriftir	3,7	<u>3.554.290</u>	<u>4.510.868</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		22.979.758	(49.660.910)
Hrein fjármagnsgjöld	6	<u>(3.881.007)</u>	<u>(4.404.517)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	10	<u><u>19.098.751</u></u>	<u><u>(54.065.427)</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Skrifstofubúnaður			5.097.759	7.829.050
Bifreiðar			4.303.767	4.932.067
	3,7		<u>9.401.526</u>	<u>12.761.117</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög	8		340.000	340.000
			<u>340.000</u>	<u>340.000</u>
		Fastafjármunir	<u>9.741.526</u>	<u>13.101.117</u>
Veltufjármunir:				
Vörubirgðir	3e		356.305	1.524.551
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	3f		27.673.219	9.138.872
Óinnheimtar tekjur vegna verkefna	3g		8.813.599	8.672.662
Óinnheimt framlög sveitarfélaga			0	12.700.000
Handbært fé	3h		11.862.986	7.188.199
		Veltufjármunir	<u>48.706.109</u>	<u>39.224.284</u>
		Eignir samtals	<u>58.447.635</u>	<u>52.325.401</u>

31. desember 2015

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé:			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Ójafnað eigið fé		(67.682.698)	(86.781.450)
	10	<u>(66.082.698)</u>	<u>(85.181.450)</u>
Skuldbindingar:			
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands		<u>7.103.095</u>	<u>17.728.095</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	11	<u>26.179.490</u>	<u>5.386.602</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	29.599.279
Viðskiptaskuldir		19.567.260	26.130.614
Ógreidd úthlutuð framlög		10.776.595	17.725.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	10.046.584	1.555.130
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna		12.024.187	7.038.799
Aðrar skammtímaskuldir		<u>38.833.122</u>	<u>32.343.332</u>
		<u>91.247.748</u>	<u>114.392.154</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>124.530.333</u>	<u>137.506.851</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>58.447.635</u>	<u>52.325.401</u>

Sjóðstreymisyfirlit 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	10	19.098.751 (54.065.427)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.554.290	4.510.868
Verðbætur og gengismunur skulda		800.365	553.061
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		0 (13.709.530)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>23.453.406</u> (<u>62.711.028)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, lækkun		1.168.246	212.160
Skammtíamkröfur, (hækkun) lækkun		(5.975.284)	15.108.426
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(2.036.581)	28.226.007
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(6.843.619)</u>	<u>43.546.593</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>16.609.787</u> (<u>19.164.435)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(194.699) (1.858.966)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	20.000.000
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(194.699)</u>	<u>18.141.034</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný lán		30.000.000	0
Skuldir við lánastofnanir, breyting		(29.599.279)	15.387.589
Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, breyting		(10.625.000) (5.289.995)
Afborganir langtímalána		(1.516.023) (1.933.809)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(11.740.302)</u>	<u>8.163.785</u>
Hækkun á handbæru fé		4.674.787	7.140.384
Handbært fé í upphafi árs		<u>7.188.199</u>	<u>47.815</u>
Handbært fé í árslok		<u>11.862.986</u>	<u>7.188.199</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um stofnunina

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Próunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningum.

a. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörsdegi.

b. Færslu gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign.....	25 ár
Bifreiðar.....	10 ár
Áhöld og tæki.....	4 ár

d. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

e. Vörubirgðir

Birgðir stofnunarinnar er vörubirgðir Markaðsstofu og eru færðar á kostnaðarverði eða endursöluverði, sé það lægra.

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 4,6 millj. kr. í ársreikningunum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í árslok.

h. Samningur um verkefni í vinnslu

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna tveggja samningsbundinna verkefna námu 12,0 millj. kr. í árslok 2015 og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda.

Óinnheimtir styrkir vegna þriggja samningsbundinna verkefna námu samtals 8,8 millj. kr. í árslok 2015. og er sú fjárhæð færð meðal skammtímakrafna í ársreikningi.

Skýringar frh.

4. Rekstrartekjur

Tekjur greinast þannig:

	2015	2014
Framlög		
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála	84.000.000	58.518.000
Framlög frá Byggðastofnun	22.801.429	22.025.552
Framlög frá Ferðamálastofu	10.242.000	10.242.000
Framlög frá sveitarfélögum	27.363.394	51.237.371
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menningarmála	0	54.684.844
	<u>144.406.823</u>	<u>196.707.767</u>
Aðrar tekjur		
Tekjur vegna háskóla og rannsóknnum	12.217.631	0
Tekjur vegna símenntunar	57.634.649	0
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmálum	38.466.397	0
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða	38.730.389	0
Tekjur vegna umsýslu SSA	14.588.338	0
Aðrar tekjur	8.913.290	135.463.987
Söluhagnaður varanlegra rekstrafjámuna	0	13.709.530
	<u>170.550.694</u>	<u>149.173.517</u>

5. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna er sem hér segir:

	2015	2014
Laun	150.647.296	172.328.196
Tryggingagjald	12.193.664	14.772.622
Lífeyrissjóðsframlag	16.273.936	18.410.937
Önnur launatengd gjöld	3.643.856	4.200.753
Áfallið orlof, breyting	6.039.646	3.426.603
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>188.798.398</u>	<u>213.139.111</u>

Á árinu 2015 var meðalfjöldi starfsmanna 23,4 hjá stofnuninni í 21,3 stöðugildum. Þá námu laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 14,5 millj. kr. á árinu.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2015	2014
Vaxtatekjur	455.447	232.359
Vaxtagjöld og verðbætur	(4.336.454)	(4.636.876)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(3.881.007)</u>	<u>(4.404.517)</u>

Skýringar frh.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2015	6.283.000	34.435.986	40.718.986
Keypt á árinu	0	194.699	194.699
Heildarverð 31.12.2015	6.283.000	34.630.685	40.913.685
Afskriftir 1.1.2015	1.350.933	26.606.936	27.957.869
Afskrifað og niðurlagt á árinu	628.300	2.925.990	3.554.290
Afskrifað samtals	1.979.233	29.532.926	31.512.159
Bókfært verð 31.12.2015	4.303.767	5.097.759	9.401.526
Afskriftahlutföll	10%	25-33%	

8. Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
Starfsendurhæfing Austurlands	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta	0	(100.000)
	340.000	340.000

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	4.365.503
Niðurfærsla, breyting á árinu	189.574
Niðurfærsla í árslok	4.555.077

10. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Eigið fé Samtals
Eigið fé 1.1.2015	1.600.000	(86.781.449)	(85.181.449)
Rekstrarniðurstaða ársins		19.098.751	19.098.751
Eigið fé 31.12.2015	1.600.000	(67.682.698)	(66.082.698)

Skýringar frh.

11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Verðtryggð lán með 5,0%vöxtum	4.301.379
Óverðtryggð lán með 7,95% vöxtum	31.924.695
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	36.226.074
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	(10.046.584)
	<u>26.179.490</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2015.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Gjaldfallnar afborganir	713.032
Árið 2016	9.333.552
Árið 2017	9.333.552
Árið 2018	8.615.882
Árið 2019	7.898.213
Árið 2020	331.843
Langtímaskuldir þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>36.226.074</u>

12. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.